



## Aðalfundur Búmannanna hsf.

**Aðalfundur Búmannanna hsf. verður haldinn fimmtudaginn 21. maí 2026 og hefst kl. 14.00 í salnum Hvammi á Hótel Reykjavík Grand við Sigtún 28, Reykjavík.**

Í samræmi við 13. gr. samþykktu Búmannanna verður félagsmönnum sem búa í meira en 200 km akstursfjarlægð frá tilgreindum aðalfundarstað gefinn kostur á að mæta og taka þátt í aðalfundinum í gegnum fjarfundarbúnað á fjarfundarstað.

**Fjarfundarstaður verður í Múlabergi á Hótel KEA, Hafnarstræti 87-89, Akureyri.** Nánar vísast til reglna um rafræna þátttöku á félagsfundum Búmannanna sem eru aðgengilegar á vef Búmannanna [www.bumenn.is](http://www.bumenn.is).

Innskráning á fundinn á aðalfundarstað og fjarfundarstað hefst kl. 13.00 og eru félagsmenn hvattir til að mæta tímanlega til skráningar. Aðalfundurinn er opinn öllum félagsmönnum Búmannanna og hafa þeir málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundinum. Hver félagsmaður má fara með umboð frá einum öðrum félagsmanni.

Framboðsfrestur til stjórnarkjörs er til og með 6. maí 2026 Samkvæmt samþykktum Búmannanna á að kjósa um formann félagsins, tvo stjórnarmenn og þrjá varamenn í stjórn. Framboðum skal skila á netfangið [petur@bumenn.is](mailto:petur@bumenn.is)

### **Dagskrá fundarins er í samræmi við samþykktir félagsins sem hér segir.**

1. Setning aðalfundar og kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár og umræður um hana.
3. Framlagning ársreikninga, umræða og afgreiðsla.
4. Ákvörðun um hvernig ráðstafa skuli rekstrarafgangi eða bregðast við ef tap verður á rekstri félagsins.
5. Kynning á ákvörðun stjórnar um fjárhæð félagsgjalda, inntökugjalda, þjónustugjalda og annarra gjalda sem ákveðin eru af stjórn félagsins samkvæmt samþykktum þess.
6. Ákvörðun gjalds í viðhaldssjóð félagsins.
7. Ákvörðun um framlag til varasjóðs félagsins.
8. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins.
9. Kosning formanns til eins árs.
10. Kosning tveggja meðstjórnenda til tveggja ára.
11. Kosning þriggja varamanna í stjórn til eins árs.
12. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
13. Kosning löggilts endurskoðanda til eins árs og tveggja skoðunarmanna og eins til vara, alla til eins árs.
14. Kosning þriggja manna kjörnefndar.
15. Erindi um skyldur Búmannanna og búseturéttarhafa vegna viðhalds í eignum Búmannanna. Kristinn Bjarnason, lögmaður Búmannanna.
16. Önnur mál.